

## Mál nr. 12/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 21. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 12/2011

X

gegn

Y & Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

### I. Málsmæðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 11. apríl 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu Y & Z hafi gerst brotlegar við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann XX við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y & Z til umsagnar með bréfum dagsettum 2. maí 2011 og þeim gefinn andmælafrestur til 30. maí. Andmæli bárust ekki innan tilskilins frests og var kærðu Y & Z send ítrekun með bréfum dagsettum 10. október og gefinn viðbótarfrestur til 17. október. Svör dags 16. október bárust og var afrit af þeim sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var kærðu Y & Z þá send boð á sáttafund hinn 8. nóvember með ábyrgðarpósti dags. 19. október. Kærðu Y & Z mættu ekki á sáttafund og var þá haft samband við kærðu Y símleiðis. Varð það að samkomulagi að haldinn yrði símafundur með henni þar og þá. Kvaðst Y geta jafnframt verið fulltrúi kærðu Z á fundinum. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín og kom ekkert fram umfram það sem áður hafði verið tilgreint í svarbréfi þeirra. Ekki náðust sættir og þar sem siðanefnd taldi að ekki kæmu fram frekari gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 26. október 2010 var XX paraður við tíkina YY án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu dvergschnauzer og er rakkinn í eigu kærðu Y & Z. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærðu Y & Z svöruðu því til að rakkinn hafi verið augnskoðaður í Ungverjalandi áður og staðist augnskoðun, en pappírar því til staðfestingar hafi glatast í bruna og ekki sé til nein skrá um augnskoðun hunda þar í landi. Kærðu Y & Z hafi því, þrátt fyrir að hafa ekki staðfest augnvottorð, ákveðið að para rakkann XX þar sem þær töldu sig fullvissa um að hann væri í lagi. Þær telja sig eftir sem áður vera ábyrga ræktendur.

### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið dvergschnauzer:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.mars 2007). Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 20.01.2010). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 1. apríl 2011).

Á þeim tíma sem pörun átti sér stað 26. október 2010 var ekki hægt að framvísa gildu augnvottorði fyrir rakkann. Kærðu Y & Z hafa þó fullyrt að rakkinn hafi verið augnskoðaður í Ungverjalandi áður og staðist augnskoðun. Kærðu Y & Z hafa þó ekki getað staðfest að það hafi gerst né hvenær. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu dvergschnauzer skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu Y & Z því gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Siðanefnd telur það ekki gild rök hjá kærðu Y & Z að taka orð seljanda trúanlegan um það að rakkinn XX hafi verið augnskoðaður. Kærðu Y & Z hafa ekki heldur getað komið fram með upplýsingar um það hvenær augnkoðun hafi farið fram.

IV. Niðurstaða.

Kærðu Y og Z teljast hafa gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða Y er áminnt.

Kærða Z er áminnt.

f.h siðanefndar

**Sign:** *Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir*